

Kvíslatunguvirkjun í Strandabyggð Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 2. september 2024 lagði Orkubú Vestfjarða fram umhverfismatsskýrslu um Kvíslatunguvirkjun til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Strandabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Orkustofnunar, Umhverfistofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umhverfismatsskýrslan var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 4. september 2024, í Bændablaðinu 12. september 2024 og á vef BB 9. – 16. september 2024 auk þess að vera aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími var frá 3. september til 17. október 2024 og þann 3. október hélt framkvæmdaraðili kynningarfund á Hólmavík.

1.2 Gögn

Framlögð gögn framkvæmdaraðila

Umhverfismatsskýrsla: Kvíslatunguvirkjun, Strandabyggð. Umhverfismatsskýrsla. Orkubú Vestfjarða og Verkís verkfræðistofa, ágúst 2024.

Viðaukar með umhverfismatsskýrslu:

- Rannsóknir vegna Kvíslatunguvirkjunar. Gróður og vistgerðir. Náttúrustofa Vestfjarða, Hulda Albertsdóttir og Hafdís Sturlaugsdóttir.
- Fuglaathugun vegna Kvíslatunguvirkjunar. Náttúrustofa Vestfjarða, Cristian Gallo, Ingrid Bobekova og Kristjana Einarsdóttir
- Ferskvatnsransóknir vegna Kvíslatunguvirkjunar. Náttúrustofa Vestfjarða, Anja Nickel og Sigurður Árnason
- Fornleifaskráning í landi Gilsstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar. Náttúrustofa Vestfjarða, Atli Rúnarsson
- Forathugun á ofanflóðahættu við stöðvarhús Kvíslatunguvirkjunar. Verkís, Gísli Pétursson.
- Kvíslatunguvirkjun, áhrif á samfélag, ferðaþjónustu og útivist. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Marta Einarsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Helga Einarsdóttir
- Samantekt á athugasemdum úr samráðsgátt og viðbrögð

Eftir að umhverfismatsskýrsla lá fyrir óskaði Skipulagsstofnun frekari upplýsinga frá framkvæmdaraðila um tiltekin atriði og bærust svör við þeim 27. nóvember og 3. desember 2024.



Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Strandabyggð þann 25. nóvember 2024
- Fiskistofu þann 5. nóvember 2024
- Hafrannsóknastofnun þann 14. október 2024
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 22. október 2024
- Landsneti þann 15. október 2024
- Minjastofnun Íslands þann 16. október 2024
- Náttúrufræðistofnun þann 17. október 2024
- Orkustofnun þann 12. nóvember 2024
- Umhverfistofnun þann 29. október 2024
- Veðurstofu Íslands þann 22. október 2024

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 15. nóvember 2024.

2 Framkvæmd


2.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 6.1 til 6.13 í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á helstu framkvæmdaþáttum.

Í umhverfismatsskýrslu eru þrjú valkostir til skoðunar, sjá töflu 1 og umfjöllun í kafla 2.3. Valkostur 3 er aðalvalkostur framkvæmdaraðila og tekur framkvæmdalýsing mið af honum. Fyrirhuguð framkvæmd felst í virkjun vatns sem nú fellur í Selá, að mestu um Þjóðbrókargil og í minna mæli um Svartagil og Afréttargil. Gert verður inntakslón þar sem Efri-Kotvötn eru nú með gerð tveggja jarðvegsstíflna og verður flatarmál lónsins 61 ha en stærð vatnanna við núverandi aðstæður er 17 ha. Veita þarf kvíslinni sem rennur um Þjóðbrókargil í inntakslónið í Efri-Kotvötum í 1.000 m löngum skurði með því að reisa lágan steinsteyptan þröskuld yfir farveginn. Í lægð umhverfis Svartagilsvatn, sem er 60 ha að flatarmáli, verður myndað um 180 ha miðlunarlón, Svartagilsvatnsmiðlun, með einni jarðvegsstíflu, Svartagilsvatnsstíflu. Frekara vatni verður veitt í miðlunarlónið með skurðum af svæðum norðvestan við lónið og er nefnt Svartagilsveita og Hraunaveita (Mynd 1). Inntak verður í eystri Kotvatnastíflunni og þaðan verður lögð um 1,3 m sver, niðurgrafin þrýstípípa um 3 km leið að stöðvarhúsi í Selárdal. Frá stöðvarhúsi verður gerður um 370 m langur frárennisskurður út í meginkvísl Selár auk þess sem lagður verður 33 kV jarðstrengur um 10 km leið að tengivirki Orkubús Vestfjarða við Stakkanes í botni Steingrímsfjarðar og verður strengurinn lagður í 1 m breiðan og a.m.k. 90 cm djúpan skurð sem fylgja mun veginum um Selárdal, innan veghelgunarsvæðis. Byggja þarf upp fyrirbyggjandi slóða inn Selárdal á um 4 km kafla frá Geirmundarstöðum að stöðvarhúsi og leggja nýjan um 6 km langan uppbyggðan veg upp hlíðina frá stöðvarhúsi að inntaki, stíflustæðum og veituskurði við Efri-Kotvötn og verður vegurinn allt að 8 m breiður með fláum. Þá verður lagður vegur frá inntakinu við Efri Kotvötn að eystri Kotvatnastíflu og að Svartagilsvatni yfir veituskurðinn, samtals um 3,4 km leið. Vegirnir verða um 0,6 til 1,0 m háir yfir landhæð. Vegna framkvæmda við Svartagilsvatni og Hraunaveitu, verða gerðir slóðar sem jarðvinnutæki og breyttir jeppar komast eftir. Aðkomuslóði vestan Svartagilsvatns verður varanlegur til að nota við hugsanleg viðhald eða viðgerðir á rekstrartíma. Áætluð heildarefnispörf vegna stíflumannvirkja, vegagerðar og annarra framkvæmda á svæðinu verði 515.000 m³ sjá töflu 1 og til stendur að nýta efni sem kemur úr uppgreftri annarra framkvæmda innan framkvæmdasvæðisins en einkum horft til fyrirhugaðra lónstæða og veituskurða til að afla efnis í stíflur auk áreyra kvíslarinnar sem rennur um Þjóðbrókargil í Selárdal, sjá töflu 3. Heildarefnispörf



fer eftir endanlegri hönnun, t.d hve mikið efni verður fjarlæggt undan stíflum og fláum stíflufyllinga en áætlun gerir ráð fyrir haugsetningu á um 15 ha svæði.



Mynd 1. Framkvæmdasvæði Kvíslatunguvirkjunar. Undir Svartagilslóni er Svartagilsvatn og undir inntakslóni eru Efríkotvötn. (Úr umhverfismatsskýrslu).

	Eining	Valkostur 1	Valkostur 2	Valkostur 3
Vatnasvið	Km ²	38,6	38,6	40,8
Meðalrensli	m ³ /s	2,12	2,12	2,24
Uppsett afl	MW	5,0	6,7	8,1*
Miðlun	GJ	4,0	12,4	17,3
Orkuframleiðsla	GWh/a	34,8	47,2	56,4
Orkukostnaður	hlutfall	1.15	1.06	1,03
Stíflumassar	m ³	184.000	354.000	441.000
Önnur efnisnotkun	m ³	65.000	70.000	72.600
Flatarmál lóna	ha	61	224,4	242,5
Röskuð svæði, mannvirki	ha	20,5	22,1	25,1
Röskuð svæði, námur	ha	13,0	14,5	15,0
Stöðvarhús, hæð yfir jörð	m	12,0	12,3	12,5
Stöðvarhús, flatarmál	m ²	300	320	336

*Í matinu verður miðað við 9,5 MW

Tafla 1. Áætlaðar kennistærðir og samanburður Kvíslatunguvirkjunar miðað við valkosti til umhverfismats (Úr umhverfismatsskýrslu).



Stífla	Mesta hæð (m)	Lengd (m)	Yfirfalls-hæð lóns (m.y.s.)	Þétti-kjarni (m³)	Sía um kjarna (m³)	Grjót-vörn (2,0 m) (m³)	Fláa-vörn (1,0m) (m³)	Stoðfylling og annað (m³)	Heildar efnis-magn (m³)	Laust efni undir stíflu (m³)
Eystri Kotvatna-stífla	13	950	420,0	17.000	22.000	10.000	5.000	52.000	106.000	41.000
Syðri Kotvatna-stífla	15	250	420	13.000	15.000	6.000	3.000	41.000	78.000	20.000
Svartagils-vatnsstífla	18	1000	456	50.000	47.000	18.000	9.000	113.000	238.000	87.000
Samtals		2.300		84.000	87.000	36.000	18.000	216.000	441.000	

Tafla 2. Áætlaðar kennistærðir stíflumannvirkja (Úr umhverfismatsskýrslu).

Efni	Magn (m³) Valkostur 1/2/3	Efnistökusvæði	Stærð (ha) Valkostur 1/2/3	Jarðmyndanir
Þéttiefni í stíflu	50.000 80.000 100.000	Á mótum veituskurðs og smávirkjunar, og í veituskurði.	10/16/20	Jökulruðningur undir lífrænu yfirborðslagi.
Síuefni í stíflu	50.000 80.000 100.000	Náma á áreyrum Selár beggja vegna við kvíslina í Þjóðbrókargili. Lítið verið kannað og stórt svæði afmarkað. Leitað verður að heppilegustu staðsetningu innan þess. Hörpunar og mölunarsamstæða.	30/40/50	Ármöl
Efni um pípu	11.000			
Vegagerð	50.000 60.000 60.000			
Grjótörn og fláavörn í stíflu	30.000 60.000 70.000	Leitað verður að heppilegu grjóti með því að sprengja klöpp innan lónstæða. *	12/20/25	Basalt klöpp með millilögum. Undir lífrænu yfirborðslagi, 1 til 3 m þykku.
Stoðfylling	90.000 140.000 180.000	Afgangsefni úr grjótnámi þegar stærra grjót hefur verið tint frá.		

Tafla 3. Áætlað hámarks umfang efnistöku og stærð efnistökusvæða, eftir valkostum, staðsetning efnistökusvæða og jarðmyndanir sem um ræðir. (Úr umhverfismatsskýrslu).

Frágangur. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að unnin verði frágangsaætlun vegna efnistöku, haugssvæða og vinnubúða í samráði við landslagsarkitekta í tengslum við umsókn um framkvæmdaleyfi. Lögð er áhersla á að draga úr sýnileika mannvirkja að svo miklu leyti sem unnt er. Við hönnun þeirra er miðað við að þau verði felld að landslagi og landformum sem einkenna svæðið fyrir framkvæmdir. Á meðan á framkvæmdum stendur er gert ráð fyrir að vinnu verði hagað á þann hátt að umhverfisskiptun verði sem minnst og rask sem af framkvæmdum hlýst verði lagfært þar sem það er unnt jafnóðum og við lok framkvæmda. Vinnuvegir verða fjarlægðir og brattir fláar í námum jafnaðir og gerðir þannig að þeir falli sem best að náttúrulegum formum á svæðinu. Námur innan lónstæða kunna að verða sýnilegar áður en snjóá leysir fyrripart sumars og verður hluta lausa ofantektarefnisins því ýtt í námurnar til að milda bratta fláa.

2.2 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að vinna við frumhönnun Kvíslatunguvirkjunar hafi leitt í ljós að þrjár útfærslur á virkjuninni teljist nokkuð raunhæfir valkostir með tilliti til tæknilegrar útfærslu, framkvæmdakostnaðar og rekstrarhagkvæmni. Valkostur 1 gerir ráð fyrir að uppsett afl verði 5 MW og að virkjun verði með inntakslóni og byggir orkuframleiðsla



eingöngu á rúmtaki inntakslóns í Efri-Kotvötnum og veitu úr árkvísl ofan Þjóðbrókargils. Engar aðrar miðlanir eða veitur verða á svæðinu, að öðru leyti en því að kvíslin, sem rennur um Þjóðbrókargil, verður veitt í inntakslónið. Valkostur 2 gerir ráð fyrir 6,7 MW uppsettu afli og virkjun með inntakslóni og litlu miðlunarlóni og orkuframleiðsla byggir á því að auka miðlun vatns til inntakslónsins með miðlun í Svartagilsvatni með byggingu stíflu þar (Svartagilsvatnsmiðlun). Rennsli í miðlunina ræðst síðan af náttúrulegu aðrennsli. Valkostur 3 gerir ráð fyrir virkjun með stóru miðlunarlóni og veitum og byggir orkuframleiðsla á kosti 2, en við bætist aukið rennsli til miðlunarlónsins úr norðri með svokölluðum Svartagils- og Hraunaveitum. Þessi kostur gerir jafnframt ráð fyrir að byggð verður 0,45 MW virkjun sem nýtir fall frá miðlunarlóninu niður í veituskurðinn að inntakslóni. Með þessum kosti verður uppsett afl Kvíslatunguvirkjunar samtals 9,9 MW og er þannig miðað við eins mikið afl og heimilt er án þess að virkjunin hafi verið metin á vettvangi rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Sem fyrr segir þá er valkostur 3 aðalvalkostur framkvæmdaraðila.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 43 í umhverfismatsskýrslunni.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum. Síðan er fjallað um efnisatriði úr umsögnum og svörum framkvæmdaraðila og þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila við þeim auk eftir atvikum annarra gagna.

3.1 Vatnafar og vatnalíf

3.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Vatnafar

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að Selá hafi stærsta vatnasvið allra áa á Vestfjörðum. Áin rennur um Selárdal til sjávar í Steingrímsfirði og dregur til sín vatn frá nærliggjandi heiðum, en vatnsmesta dragáin, sem fellur til Selár, rennur um Þjóðbrókargil. Ekki liggur fyrir rennsliþykki eða mat á rennsli kvíslarinnar um Þjóðbrókargil en síritandi vatnamælingar hófust þar haustið 2022. Hins vegar eru líkindi með vatnasviði Þverár á Langadalströnd og vatnasviði Þjóðbrókargils og eru rennismælingar úr Þverá því notaðar við áætlun um orkuvinnslu Kvíslatunguvirkjunar.

Farvegir - stöðuvötn. Fram kemur að einkenni heiðarinnar, þar sem Kvíslatunguvirkjun verði reist, séu fjöldi vatna og tjarna auk lækja sem renn á milli þeirra. Á nokkrum stöðum falla lækir af heiðinni til Selár um gilskorninga í heiðarbrúninni. Efri-Kotvötn og Svartagilsvatn eiga upptök sín í lækjum og tjörnum á heiðinni og frá þeim rennur vatn sem sameinast ánni í efsta hluta Þjóðbrókargils áður en dragáin rennur til austurs niður í Selárdal þar sem hún sameinast Selá. Vatnasvið árinna sem rennur í Þjóðbrókargil er 47,3 km² sem að stærstum hluta mun falla til Kvíslatunguvirkjunar, en vatn af 8,7 km² svæði mun áfram renna um Þjóðbrókargil. Óháð því hvaða valkostur um ræðir mun áin um Þjóðbrókargil verða fyrir umtalsverðum áhrifum af virkjuninni. Neðan við stíflur í Efri-Kotvötnum og Svartagilsvatni og yfirfall við veituskurð, munu farvegir þorna upp nema sem nemur þeim leka sem verður undir stíflurnar. Þegar neðar dregur safnast smám saman vatn aftur í farvegina og þegar komið er að þeim stað þar sem kvíslin úr Efri-Kotvötnum sameinast megin kvíslinni í Þjóðbrókargili má búast við að um 10% af náttúrulegu rennsli (því rennsli sem væri í ánni



ef ekki hefði komið til virkjunar) sé komið í ána, sem vex síðan jafnt og þétt í gílinu og er áætlað að rennsli í ánni verði um 20% af náttúrulegu rennsli áður en hún sameinast Selá. Fram kemur að vatnasvið lækjar sem rennur um Fremra - Svartagil til Selár sé um 1,6 km² en með Svartagilsveitu (valkostur 3) verði vatni af um 1,0 km² stóru svæði veitt til virkjunarinnar. Næst veitustíflunni mun farvegurinn þorna alveg en fjær mun vatn streyma í lækinn uns hann hefur náð um þriðjungj náttúrulegs rennslis þegar lækurinn rennur í Selá. Vatnasvið lækjar sem rennur í Afréttargil til Selár er um 5,5 km² og minnkar rennsli um 20% við gerð Hraunaveitu (valkostur 3) og verður rennsli í læknum því um 80% af náttúrulegu rennsli þegar lækurinn rennur í Selá. Þar sem þessir lækir eru vatnslitlir mun skerðing á rennsli þeirra vegna virkjunarinnar (valkostur 3) minnka rennsli Selár um innan við 1%. Vatnsmiðlun til virkjunarinnar mun leiða til þess að rennsli í Selá milli fráveituskurðar virkjunarinnar og árinna sem rennur um Þjóðbrókargil út í Selá verður umtalsvert meira, eða allt að 20% meira að jafnaði á 1,2 km kafla. Rennsli neðan Þjóðbrókargils verður að jafnaði óbreytt. en stöðvist virkjunin, sem líklega verður sjaldan, minnkar náttúrulegt rennsli um það sem vatnsmiðluninni nemur, þ.e. um allt að 20%, en þegar virkjunin verður aftur ræst bætist sambærilegt rennsli við á ný

Fram kemur að stöðuvötn og tjarnir ≥ 1.000 m² að flatarmáli og fossar njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd en alls munu fimm vötn yfir 1.000 m² fara undir lón. Samkvæmt upplýsingum í vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands er foss í Afréttargili en ekki í Þjóðbrókargili en þó má sjá á myndum fossa og flúðir í Þjóðbrókargili en gilið er ekki manngengt. Að framansögðu er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa áhrif á stöðuvötn og vatnsfarvegi, þar á meðal Selá og er umfang áhrifanna mismunandi eftir valkostum. Þannig verða þrjú skilgreind vatnshlot fyrir áhrifum, þ.e. Selá (vatnshlot 101- 129-R), Svartagilsvatn (vatnshlot 101-998-L) og áin sem rennur um Þjóðbrókargil (vatnshlot 101-433-R). Auk þess mun virkjunin hafa áhrif á Efri-Kotvötn (valkostur 1, 2 og 3) og Svartagilsvatn (valkostur 2 og 3) með uppistöðulónnum og einnig munu önnur minni og ónefnd vötn sameinast lónum virkjunarinnar.

Öldurof og fok. Fram kemur að halli strandarinnar við lónin sé yfirleitt á milli 5% og 15% en öldurofsbakki myndist gjarnan við nýja strandlínu þar sem landhalli sé meiri en 7% og gæti slíkur bakki því myndast víða umhverfis lónin. Það dregur þó mjög úr mögulegu umfangi öldurofs að lónhæðin að sumarlagi er mjög breytileg, því til að draga úr líkum á að vatn tapist um yfirföll er reynt að halda vatnsborðinu 1 til 4 m lægra en yfirfallshæðarinnar. Ölduálagið dreifist því á breitt belti á ströndinni þar sem lónin eru mjög sjaldan alveg full og þá bara í stuttan tíma meðan flóð standa yfir. Fram kemur að lítil gróðurþekja sé á bökkunum við vötnin og því mun eyðing gróðurs ekki verða uppspretta fínkornaefnis undan gróðurlaginu á ströndinni. Lítil sem enginn aur er í vatninu sjálfu, enda um hreint bergvatn að ræða. Því er ekki búist við að aur falli út á bakka lónsins. Þvert á móti má búast við að fínasta efnið skolist smá saman neðar í lónið og hugsanlegt fok frá þurru lónbotni verði minna en frá svæðinu fyrir virkjun.

Niðurstaða framkvæmdaraðila. Fram kemur að eftir því um hvaða valkost ræði, muni framkvæmdin leiða til þess að Efri-Kotvötn, Svartagilsvatn eða vötn sunnan og norðan Svartagilsvatns fari undir lón. Hluti vatnanna eru skilgreind vatnshlot og eru af þeirri stærð að þau falla undir viðmið um vernd samkvæmt náttúruverndarlögum. Víðlent hálendi norðan Steingrímsfjarðarheiðar er þakið fjölda vatna, stórum og smáum. Með hliðsjón af víðáttu hálendisins og fjölda vatna sem þar eru má líta svo á að áhrif lónanna taki til lítills afmarkaðs svæðis. Í öllum valkostum verða vatnsborðsveiflur í lónum (inntakslóni í tilfelli valkostar 1) umtalsverðar og tíðar. Rennsli í árkvísl Þjóðbrókargils skerðist umtalsvert en vatnið sem veitt er frá gílinu og til virkjunarinnar eykur tilsvarendi rennsli Selár neðan stöðvarhúss og rennsli árinna neðan Þjóðbrókargils verður því að jafnaði óbreytt miðað við núverandi stöðu. Að mati framkvæmdaraðila munu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnafar verða staðbundin en varanleg og nokkuð neikvæð burtséð frá hvaða valkostur verður fyrir valinu.



Vatnalíf

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Náttúrustofa Vestfjarða hafi unnið athugun á vatnalífi á tímabilinu júní 2023 til febrúar 2024 og voru tekin sýni úr hálendisvötnunum þremur Ófæruvatni, Svartagilsvatni og Efri Kotvötnum en einnig úr Selá ásamt þverám hennar. Gróðurlítil hálendisvötnin hafa lágt verndargildi samkvæmt vistgerðarflokkun. Eins og kemur fram hér að framan þá verða Svartagilsvatn (vatnshlot nr.101-998-L) og Efri-Kotvötn (án vatnshlotsnúmers). Selá (vatnshlot nr. 101-129-R), Þjóðbrókargilsá (vatnshlot nr. 101-433-R) fyrir mestum áhrifum auk þess sem nokkrir lækir verða einnig fyrir áhrifum. Ófæruvatn (án vatnshlotsnúmers) ásamt lækjum sem renna úr því og í Selá er á vatnshloti 101- 34-G, Ófeigsfjarðarheiði, sem tilheyrir vatnsflokknum grunnvatn. Efri-Kotvötn, ásamt lækjum sem renna úr því, tilheyra vatnshlotinu 101-307-G, Mið-Vesturland og Strandir sem einnig tilheyrir vatnsflokknum grunnvatn. Fyrir liggur góð lýsing á grunnástandi þeirra vatnshlota sem virkjunin nýtir og vöktun mun leiða í ljós hvort flokkun þeirra breytist og hvort umhverfismarkmið náist.

Fram kemur að áhrif á vatnalíf verði bæði á framkvæmda- og rekstartíma virkjunarinnar. Á framkvæmdatíma verða áhrif vegna gruggmyndunar og tímabundinna breytinga á vatnsfarvegum vegna stíflugerðar og fleira. Í ljósi ætlaðs líftíma virkjunarinnar þá teljast áhrifin varanleg og staðbundin. Rask verður vegna breytinga á farvegum, gerð stíflna og gruggmyndun á framkvæmdatíma en á rekstrartíma verður breytt vatnsborð stöðuvatna og annað rennsli í farvegum Þjóðbrókargilsár og lækjum sem renna í Selá, en óveruleg áhrif á rennsli Selár sbr. umfjöllun hér að framan. Gert er ráð fyrir að árstíðarsveiflur í vatnsborði lóna virkjunarinnar geti orðið allt að 10 m. Stór svæði af lónunum verða því aðeins tímabundið undir vatni og tímasetning vatnsborðsbreytinga verður ekki í takt við náttúrulegar sveiflur. Væntanlegar afleiðingar fyrir lífverur eru tap á búsvæðum, þar með talið hrygningarsvæði bleikju og þar af leiðir takmörkun á mögulegri nýliðun, líkur á fækkun í fiskstofnum eða í versta falli tap og minni fjölbreytileiki lífvera í vötnunum. Í Þjóðbrókargili verður rennsli árkvísarinnar um 20% af eðlilegu rennsli og mun þessi skerðing á rennsli árinna hafa neikvæð áhrif á smádyralíf og fiskgegnd í henni. Líklegt er að hluti búsvæða þorni í ánni og þar með dragi úr nýliðun laxfiska í Selá. Kafli árinna Þjóðbrókargili, frá ármótum við Selá og fiskgengur kafli árinna upp gilið, er líklega mikilvægt uppeldissvæði laxfiska, samkvæmt rannsóknum Náttúrustofu Vestfjarða og líklega mikilvægt hrygningarsvæði laxfiska í Selá. Mögulega getur Kvíslatunguvirkjun haft markverð neikvæð áhrif á líffræði vatnanna og árinna í Þjóðbrókargili. Sé litið til líftíma virkjunarinnar eru áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf varanleg.

Fram kemur að varðandi áhrif mismunandi valkosta þá taka framkvæmdir skv. valkosti 1 með tilliti til fjölda heiðarvatna norðan Selárdals til afmarkaðs svæðis og Efri-Kotvötn eru hálendisvötn með lágt verndargildi. Vatnsborðssveiflur í inntakslóni verða hins vegar umtalsverðar og tíðar og áhrif verða því mikil á strand- og grunnsvæða lífvera og á hrygningu bleikju, en lífríkið er líklega viðkvæmt fyrir breytingum. Bleikjustofn í Efri-Kotvötnum mun minnka að líkindum og mögulega verulega. Líkur eru til þess að vatnshlotið Efri Kotvötn haldi ekki núverandi vistfræðilegu gæðum. Eins og fram hefur komið mun minnkað rennsli í árkvís Þjóðbrókargils hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna, m.a. á fiskgenga kafli hennar sem er líklega mikilvægt uppeldis- og hrygningarsvæði laxfiskastofna í Selá. Framangreind áhrif eru varanleg, sé litið til líftíma virkjunarinnar og á einnig við valkosti 2 og 3. Vatn sem rennur frá virkjuninni um fráveituskurð verður með hægu rennsli og tæmist aldrei og vatnið ætíð heitara en í Selá, sem líklegt er að hafi jákvæð áhrif á uppvöxt fiskseiða. Garður meðfram skurðinum mun varna því að flóð í Selá fari í skurðinn og verndar því þau búsvæði lífvera, sem skapast munu í skurðinum. Til stendur að gera skurðinn þannig að hann nýtist sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska til mótvægis við neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska í árkvís Þjóðbrókargils. Með tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrif á vatnalíf af valkosti 1 metin nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð.

Fram kemur að um er að ræða sambærileg áhrif á vatnalíf og vatnshlot af valkosti 2 og valkosti 1, þ.e. á Efri-Kotvötn og ána í Þjóðbrókargili, en við bætist áhrif á Svartagilsvatn og læki sem renna í



Selá. Bleikjustofnar í Efri-Kotvötum og Svartagilsvatni munu að öllum líkindum minnka og mögulega verulega. Líkur eru til þess að vatnshlot Svartagilsvatns haldi ekki núverandi vistfræðilegu gæðum. Áhrifin eru meiri að umfangi en í valkosti 1 og heildaráhrif eru metin talsvert neikvæð. Fram kemur að þegar litið sé til valkostar 3 sé um að ræða sömu áhrif og skv. valkosti 2 en til viðbótar verði aðrennsli til miðlunarlónsins í Svartagilsvatni aukið og lónið stækkað með Svartagils- og Hraunaveitu. Í því felst að gera ráðstafanir sem beina afrennsli vatna í norðri til miðlunarlónsins, en ekki er gert ráð fyrir að árstíðabundnar breytingar á vatnsstöðu vatnanna breytist. Því er líklegt að vatnshlotin sem um ræðir haldi sínum umhverfisgæðum. Áhrif á vatnalíf verða ívið meiri en skv. valkosti 2 en heildaráhrif eru metin sambærileg eða talsvert neikvæð.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að olíubirgðir fyrir vinnuvélar verði staðsettar á plani við vinnubúðir meðan á framkvæmdum standi. Viðhafðar verða viðurkenndar aðferðir til að fyrirbyggja að olía berist í vatn. Skoðað verður í samráði við veiðifélag Selár að móta frárennslisfarveg virkjunar þannig að hann nýtist sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska. Náttúrustofa Vestfjarða leggur til að lífríki í vötum og ám á áhrifasvæði framkvæmdarinnar verði vaktað reglulega eftir að framkvæmdum er lokið. Framkvæmdaraðili mun sækja um heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshlotum sem virkjunin mun hafa áhrif á. Í því ferli verður eftir atvikum mótuð áætlun um mótvægisáðgerðir.

3.1.2 Umsagnir um umhverfismatskýrslu

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili þurfi að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar fyrir öll vatnshlot sem verði fyrir áhrifum vegna hennar, beint eða óbeint. Meta þarf áhrif á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti fyrir yfirborðsvatnshlotin og magnstöðu og efnafræðilega gæðapætti fyrir grunnvatnshlotin. Meta þarf hvort framkvæmdin sé líkleg til að valda því að vatnshlotið nái ekki lögbundnum umhverfismarkmiðum. Mikilvægt er að gert sé grein fyrir núverandi vistfræðilegu ástandi vatnshlotanna sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Gerð er nánar grein fyrir í umsögninni hvað þurfi að felast í slíku áhrifamati. Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum. Verði það niðurstaða áhrifamatsins er skoðað hvort hægt sé að sækja um heimild til undanþágu fyrir breytingu á vatnshlotinu skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að fullunnið áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi vegna framkvæmdanna eru tekin til skoðunar sbr. 3. mgr. 28. gr. nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Umhverfisstofnun tilgreini ýmis atriði sem þurfi að fjalla um sem ætla mætti að sé ekki til staðar í umhverfismatskýrslu. Í umsögninni segir að mikilvægt sé að gert sé grein fyrir núverandi vistfræðilegu ástandi vatnshlotanna sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Þetta er uppfyllt í umhverfismatskýrslu. Umfjöllun um vatnalíf byggir á rannsókn Náttúrustofu Vestfjarða á öröskuðu vistfræðilegu ástandi vatnshlota sem framkvæmdin varðar. Við undirbúning rannsókna lagði Orkubú Vestfjarða áherslu á mikilvægi þess að þær skiluðu upplýsingum um gæðapætti sem hafðir eru til hliðsjónar til að meta ástand vatnshlota. Náttúrustofan hafði samráð við sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar við gerð rannsóknáætlunar, sem gáfu þær niðurstöður sem fjallað er um í umhverfismatskýrslu og af meiri nákvæmni í sérfræðiskýrslu Náttúrustofunnar í viðauka. Að mati framkvæmdaraðila gefa vatnalífrannsóknir sem gerðar voru góða lýsingu á grunnástandi þeirra vatnshlota sem virkjunin nýtir og vöktun muni leiða í ljós hvort flokkun þeirra breytist og hvort umhverfismarkmið náist. Í umsögn sinni telur Umhverfisstofnun upp atriði sem skoða þurfi í áhrifamati og verði niðurstaða þess að vatnshlot falli um ástandsflokk sé skoðað hvort hægt sé að sækja um heimild til undanþágu fyrir breytingar á vatnshlotinu. Í umhverfismatskýrslu, eða sérfræðiskýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er tekið á öllum þeim atriðum sem stofnunin telur upp að þurfi að skoða í áhrifamati. Augljóst er af niðurstöðu



umhverfismatsins að sækja þarf um heimild stofnunarinnar til breytinga á vatnshlotum, þar sem áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf eru metin að mestu talsvert neikvæð. Þegar þar að kemur, verða framangreind atriði reifuð í umsókn framkvæmdaraðila til stofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnun bendir á að virkjunin hefur í för með sér töluverðar breytingar á vötnum, rennsli þeirra, samfellu og vatnalíf. Líkt og tekið er fram í umhverfismatsskýrslunni liggur ekki fyrir hvort heimild til breytinga á vatnshlotum, sem virkjunin mun hafa áhrif á, leiði af sér vöktun á vistfræðilegum gæðabáttum. Varðandi mótvægisáðgerðir er ekki ljóst hvað það felist í að starfsmenn Orkubús Vestfjarða fylgist með framvindu laxfiska. Betur færi ef fiskifræðingur eða líffræðingur myndi sjá um slíka vöktun og að mótvægisáðgerðin væri betur skilgreind m.a. til hvaða ráða verði gripið ef breytinga verður vart.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Orkubú Vestfjarða muni skoða með veiðifélagi Selár hvernig móta megi frárennslisfarveg virkjunarinnar þannig að hann nýtist sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska. Í þeim tilgangi verður leitað ráðgjafar sérfræðinga Náttúrustofu Vestfjarða.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að ekki komi fram hve stór hluti hrygningasvæðis í Selá verði í hættu vegna minnkunar á vatnsmagni í farvegi í Þjóðbrókargili. Fiskistofa bendir á að leitað verði leiða til að tryggja nægilegt vatnsrennsli til að minnka neikvæð áhrif stíflu og virkjunar á viðkomu Atlantshafslaxins og bleikju. Í viðauka 3 er ekki fjallað um hugsanleg áhrif sem gætu orðið á lífríki í straumvatni vegna rennslisbreytinga og skortir á að lagt sé mat á hve stór hluti búsvæða verði fyrir slíkum áhrifum í tengslum við rekstur virkjunarinnar. Fiskistofa bendir á að þau áhrif sem lýst er að kunni að verða á stofnum Atlantshafslaxins og bleikju kunni að vera óásættanleg og að leita þurfi leiða til að minnka þau. Stofnar Atlantshafslaxa og bleikju eiga undir högg að sækja og hafa minnkað á landsvísu. Ef horft er til veiðihagsmuna eingöngu er mikilvægt að líta til þátta sem geta minnkað áhrif virkjunarinnar á fiskstofna í Selá.

Náttúrufræðistofnun bendir á að árstíðasveifla vatnsborðs lónanna verður allt að 10 m, sem verður að teljast gífurleg sveifla. Auk þess verður hún ekki í takt við náttúrulegar sveiflur. Um leið og vatnsborð lækkar á ísilögðu vatni brotnar ísinn upp og ísflekar fara af stað. Því er hætt við að ísflekar skrapu og raski búsvæðum á fjörusvæði lóna með lækkandi vatnsborði. Fjörusvæði er búsvæði hryggleysingja og smáfaxinnar bleikju. Slík áhrif verða því að teljast verulega neikvæð. Mótvægisáðgerðir sem nefndar eru fyrir vatnalíf eru í lagi svo langt sem þær ná, en ná ekki til tilfellisins sem tíundað er hér að ofan. Ætla má að bleikja í vötnum á hálendi Vestfjarða geti búið yfir miklum erfðafræðilegum breytileika í heild sinni en það þarfnast frekari rannsókna. Hrun í einstaka einangruðum stofnum getur því haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að eftir að sýnatöku hafi lokið á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar lagði Orkubúið fram nýja tillögu þar sem Ófæruvatni var skipt út fyrir Hraunavatn. Engar upplýsingar um lífríki Hraunavatns liggja því fyrir og úr því verður að bæta.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áin sem renni um Þjóðbrókargil sé talin fiskgeng tæpan km frá ármótum við Selá og á þeim hluta sé áætlað að rennsli árinna verði um 20% af eðlilegu rennsli og líklegt að hluti búsvæða þorni í ánni. Vænta má þess að þar á meðal sé möguleg uppeldis- og hrygningarsvæði á neðsta kafla árinna. Ekki er gerlegt að áætla hvað rennslið þarf að vera að lágmarki til að ásættanlegt vatnsrennsli verði um slík búsvæði. Fram kemur að hönnun frárennslisskurðar sé m.a. ætlað að skapa hagstæð skilyrði svo hann nýtist sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska til mótvægis við neikvæð áhrif framkvæmdarinnar í árkvís Þjóðbrókargils. Miklar vatnsborðsbreytingar verða í lónunum virkjunarinnar en framkvæmdaraðili fái ekki séð hvaða mótvægisáðgerðir séu raunhæfar til að vega upp eða milda áhrif á lífríki heiðarvatna sem um ræðir m.t.t. reksturs virkjunarinnar.

Bent er á að að afrennsli Hraunavatns verði veitt um nýjan farveg en náttúrulegar sveiflur vatnsins ættu ekki að breytast. Framkvæmdin stýrir því ekki vatnsstöðunni og hefur ekki áhrif á lífríkið.



3.1.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Ljóst er að áhrif á vatnafar og vatnalíf eru nátengd og að með tilkomu Kvíslatunguvirkjunar er um að ræða talsvert inngríp inn í vatnafar á umfangsmiklu áhrifasvæði virkjunarinnar með tilheyrandi áhrifum á vatnalíf, bæði í stöðuvötnum og straumvötnum. Um leið koma fyrirhugaðar framkvæmdir til með að hafa áhrif á gæðapætti vatnshlota innan áhrifasvæðisins. Um er að ræða bæði áhrif á framkvæmdatíma vegna byggingar ýmissa mannvirkja og efnistöku, með tilheyrandi raski og gruggmyndun og á rekstartíma vegna breyttrar vatnsborðstöðu stöðuvatna og skerts rennslis í farvegi árinna sem rennur um Þjóðbrókargil sem og lækjum sem renna í Selá. Fyrir liggur að 5 stöðuvötn sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd munu fara undir lón og rennsli í fossum mun skerðast en fossar njóta einnig sérstakrar verndar skv. lögnum en samkvæmt þeim ber að forðast að raska þeim vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 61. gr. laganna nema brýna nauðsyn beri til. Skipulagsstofnun bendir á að við leyfisveitingar þarf að gera grein fyrir þeim brýna almannahagsmunum sem geta réttlætt röskun vistkerfa og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin telur óvissu um hvaða áhrif öldurof við lónin kann að hafa og þá um leið hvort að rof á bökkum muni leiða til foks en skv. framlögðum gögnum eru þó ekki líkur á að fyrirhugaðar vatnsborðsbreytingar á lónunum muni leiða til myndunar uppfokssvæða sem beri finefni einhverja fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.

Fyrir liggur að með myndun lóna og vegna árstíðarsveiflna á vatnsborði þeirra munu lífverur tapa búsvæðum og neikvæð áhrif munu verða á hrygningarsvæði bleikju og hafa í för með sér takmarkanir á mögulegri nýliðun og kann að leiða til fækkunar í fiskstofnum í stöðuvötnunum/lónunum eða í versta falli til minni fjölbreytileika lífvera í vötnunum. Þá er ljóst að vegna verulegrar skerðingar á rennsli árinna, sem rennur um Þjóðbrókargil, munu verða neikvæð áhrif á smádyralíf og fiskgegnd í henni. Líklegt er að hluti búsvæða þorni í ánni og þar með dragi úr nýliðun laxfiska í Selá. Um 1 km langur kafli árinna í Þjóðbrókargili upp gilið, frá ármótum við Selá er fiskgengur og er, skv. framlögðum gögnum, líklega mikilvægt uppeldissvæði og hrygningarsvæði fyrir laxfiska í Selá. Að framansögðu liggur fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa marktækt talsvert neikvæð áhrif á lífríki vatnanna og árinna í Þjóðbrókargili og mögulega draga úr nýliðun laxfiska í Selá. Þá liggur fyrir að ekki er um að ræða raunhæfar mótvægisáðgerðir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum á lífríki stöðuvatnanna. Skipulagsstofnun telur að, ef vel tekst til, megi líta á áform framkvæmdaraðila um hönnun frárennslisskurðar, með það að markmiði að skapa hagstæð skilyrði svo hann nýtist sem hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska, sem mótvægisáðgerð að því marki að þar er um að ræða tilraun til að bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vakin athygli á ákvæðum í lögum um stjórn vatnamála og að framkvæmdaraðili þurfi að framkvæma áhrifamat sem tekur til skilgreindra gæðapátta allra vatnshlota sem verða fyrir áhrifum. Bent er á að fullnið áhrifamat þurfi að liggja fyrir áður en leyfi vegna framkvæmdanna eru tekin til skoðunar. Í svörum sínum hefur framkvæmdaraðili bent á að í umhverfismatskýrslu eða sérfræðiskýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er tekið á öllum þeim atriðum sem Umhverfisstofnun telur að þurfi að liggja fyrir í áhrifamati. Auk þess telur framkvæmdaraðili að niðurstaða umhverfismats á vatnshlot sé þess eðlis að sækja þurfi um heimild stofnunarinnar til breytinga á vatnshlotum þar sem áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf eru metin að mestu talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að umfjöllun um grunnástand vatnshlota á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar sem og um möguleg áhrif hennar sé fyrir hendi í umhverfismatskýrslu og viðauka 3 um ferskvatnsrannsókn vegna Kvíslatunguvirkjunar unnin á vegum Náttúrustofu Vestfjarða. Auk þess liggur fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á gæðapætti skilgreindra vatnshlota í framlögðum gögnum að því marki að hægt er að komast að niðurstöðu um áhrif Kvíslatunguvirkjunar á vatnafar, vatnalíf og vatnshlot. Þó er ljóst að gera þarf ráð fyrir vöktun á vatnshlotum þar sem ekki er útséð um hvort að flokkun þeirra kann að breytast eða umhverfismarkmið þeirra náist. Að mati stofnunarinnar liggur fyrir að virkjunin kemur til með



að hafa talsverð neikvæð áhrif á þessa þætti og að þessi áhrif verði að mörgu leyti sambærileg á milli valkosta 1, 2 og 3 þó að ljóst sé að neikvæðustu áhrifin verði af aðalvalkosti framkvæmdaraðila, valkosti 3, þar sem hann tekur til umfangsmesta svæðisins. Skipulagsstofnun telur að áður en kemur að leyfisumsóknum þá þurfi framkvæmdaraðili að hafa samráð við Umhverfisstofnun varðandi fyrirnefnt áhrifamat sem og umsókn um undanþágu um breytingar á vatnshlotum og þá m.a. um hvort og þá hvaða mögulegu athuganir/rannsóknir framkvæmdaraðili þurfi að ráðast í til að uppfylla kröfur þær sem koma fram í lögum um stjórn vatnamála.

3.2 Jarðmyndanir

3.2.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni valda beinu raski á jarðmyndunum og muni áhrifin verða varanleg. Fyrirhuguð mannvirki munu einkum vera grafin í laus jarðlög, þ.e.a.s. þurrlendisjarðveg og jökulruðning en veitumannvirki munu að einhverju leyti vera grafin í gegnum berggrunninn. Áætlað heildarrask á jarðmyndunum vegna veituskurða, stíflna og vegagerðar er mismikið eftir valkostum en er áætlað um 76 ha skv. valkosti 1, 166 ha skv. valkosti 2 og 197 ha skv. valkosti 3. Varðandi efnistöku er gert ráð fyrir að megnihluti efnis til mannvirkjagerðar verði sótt innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og þá einkum innan fyrirhugaðra lónstæða en gert er ráð fyrir allt að 170.000 m³ efnistöku á milli 30-50 ha svæði á áreyrum Selár. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir verði á svæði sem sé ósnortið og óraskað að mestu, en jarðmyndanir á svæðinu falli ekki undir sérstaka vernd eða eru einstakar á lands- eða heimsvísu og sé verndargildi jarðmyndananna lágt. Áhrif á jarðmyndanirnar ná til afmarkaðs svæðis en verða óafturkræf og varanleg og eru metin nokkuð neikvæð, óháð því hvaða valkost er um að ræða.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að fyrirhugað sé að nýta allt mögulegt efni innan lónstæða til uppbyggingar stífla og vega til að takmarka þannig annað rask á jarðmyndunum á svæðinu. Ekki er talin möguleiki á öðrum aðgerðum til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir.

3.2.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að bæði surtarbrandur og blaðför hafi fundist við Steingrímsfjörð en ekki eru þekktir fundarstaðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Steingervingar njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Ekki kemur fram hvort leitað hafi verið eftir steingervinga- eða surtarbrandslögum í Þjóðbrókargili en þar eru góðar opnur í jarðlögin. Áhrif á aurkeiluna vegna efnistöku utan við Þjóðbrókargil verða varanleg og verulega neikvæð bæði á jarðminjar og landslag í Selárdal. Almennt er tekið undir það að áhrif á jarðminjar vegna fyrirhugaðra framkvæmda verða nokkuð neikvæð, óafturkræf og varanleg.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið leitað eftir steingervinga- eða surtarbrandslögum í Þjóðbrókargili. Í rannsókn Verkís á jarðefnum á framkvæmdasvæðinu varð ekki vart við steingervinga eða surtarbrand.

3.2.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að jarðmyndanir á umfangsmiklu svæði munu raskast vegna mannvirkjagerðar og efnistöku auk þess að fara undir vatn vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Samkvæmt framlögðum gögnum er um að ræða algengar jarðmyndanir sem verða fyrir raski og ekki er kunnugt um jarðminjar á svæðinu sem njóta sérstakrar verndar (utan fossa og nánasta umhverfi þeirra sem fjallað er um í kafla 3.1). Náttúrufræðistofnun hefur bent á að steingervingar sem njóta verndar hafi fundist í surtarbrandslögum við Steingrímsfjörð en fyrir liggur að við vettvangsrannsóknir hafi



ekki orðið vart við surtarbrand eða steingervinga. Ljóst er að þó að verndargildi jarðmyndana á áhrifasvæði Kvíslatunguvirkjunar sé ekki hátt þá verða áhrifin umfangsmikil, þar sem rúmlega 3 km² lands verður raskað, þar af um 2,5 km² vegna lóna. Áhrifin verða að mestu leyti varanleg og óafturkræf vegna mannvirkjagerðar, skurðgraftar og efnistöku og á það einnig við um lónstæðin þar sem gert er ráð fyrir að taka efni úr þeim og ljóst að námur innan lónstæða kunna að verða sýnilegar áður en snjóá leysir fyrripart sumars. Með hliðsjón af framangreindu telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð. Stofnunin leggur áherslu á að ítarleg frágangssáætlun verði unnin hvað varðar alla verkþætti í samræmi við áform sem koma fram í kafla 6.10 í umhverfismatsskýrslu og telur stofnunin að slík áætlun þurfi að liggja fyrir við leyfisveitingar.

3.3 Gróður og vistgerðir

3.3.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Náttúrustofa Vestfjarða hafi unnið gróðurathugun vegna fyrirhugaðra framkvæmda sumarið 2023. Samkvæmt athuguninni var engin æðplöntutegund sem fannst á svæðinu á valista og flestar tegundir sem fundust algengar um landið og hafa lágt verndargildi. Þá var það niðurstaða athugunarinnar að vistgerðir með lágt verndargildi þekja rúmlega helming úttektarsvæðisins, vistgerðir með miðlungs verndargildi um 25%, vistgerðir með hátt verndargildi 12% og vistgerðir með mjög hátt verndargildi um 6% svæðisins. Nokkuð er af votlendi á svæðinu sem getur verið viðkvæm fyrir óbeinum áhrifum ef vatnsflæði um þau breytast en innan úttektarsvæðisins voru kortlögð alls 12 votlendissvæði sem eru 2 ha að flatarmáli eða stærri og nýtur votlendi sem nær þessum stærðarmörkum sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Áætlað umfang bæði beins og óbeins rasks á slíkt votlendi er á milli 11,5 og 13 ha eftir valkostum en ef horft er til heildarrasks á votlendi óháð stærð munu milli 22 og 30 ha verða fyrir beinu og óbeinu raski. Þá verður einnig rask á birkiskógi og bakkagróðri sem nýtur verndar skv. lögnum en í mun minna mæli.

Fram kemur að gróðurþekja sé almennt rýr á efri hluta úttektarsvæðisins og svæðið geti verið viðkvæmt fyrir rofi og áfoki. Moslendi er viðkvæmt fyrir raski og vistgerðirnar hélumosavist og hraungambravist hafa nokkuð mikla þekju á úttektarsvæðinu. Þanþol vistgerða er meira á neðri hluta úttektarsvæðisins, enda gróska og gróðurþekja þar meiri.

Fram kemur að heildarrask á vistgerðum skv. valkosti 1 sé áætlað um 77 ha, 168 ha skv. valkosti 2 og 195 ha skv. valkosti 3. Fjórar forgangsvistgerðir verða fyrir raski vegna framkvæmdarinnar: Runnamýravist á láglandi, starungsmýravist, gulstararflóavist og kjarrskógavist en rask á gróðri verður fyrst og fremst á svæðum þar sem verndargildi vistgerða er lágt eða miðlungs, eða 84% til 93% rasksins eftir valkostum. Rask á vistgerðum með hátt verndargildi verður helst vegna hækkunar á vatnsstöðu við gerð inntakslóns og lagningu vegslóða og pípuleiðar um hlíðina frá stöðvarhúsi, en þessir framkvæmdaliðir munu m.a. ná yfir samfellt votlendi sem er stærra en 2 ha. Þessir þættir framkvæmdarinnar eru óbreyttir milli valkosta. Fram kemur að það sé niðurstaða framkvæmdaraðila að áhrif á gróður og vistgerðir á neðri hluta framkvæmdasvæðisins, þar sem gróður sé gróskumikill, gróðurþekja mikil og þanþol vistgerða hátt verði afturkræf. Áhrif vegna uppistöðulóna eru metin óafturkræf, þar sem líklega mun taka langan tíma að endurheimta náttúrulegar vistgerðir á svæðunum við lónin. Heildaráhrif á gróður eru metin nokkuð neikvæð. Enginn munur er greindur á vægi áhrifa milli valkostanna þriggja, þar sem rask í kjölfar viðbóta sem valkostir 2 og 3 fela í sér verða nánast eingöngu bundið við vistgerðir með lágt verndargildi.



Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að Náttúrustofa Vestfjarða hafi lagt fram tillögur að mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfar. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila, sem taka mið af tillögunum eru eftirfarandi:

- Við upphaf framkvæmda verður svarðlag á grónum svæðum tekið til hliðar og nýtt aftur til frágangs að framkvæmdum loknum.
- Við hönnun á vegi og þrýstipípu í hlíðinni verður leitast við að draga úr skerðingu á votlendissvæðum og kjarrskógavist eftir því sem við verður komið, m.a. með tilliti til öryggis vegarins í brattri hlíð.
- Forðast verður að raska jarðvegi og gróðri utan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Bannað verður að flytja inn nýjar tegundir á virkjunarsvæðið.
- Haft verður samráð við Umhverfisstofnun um mögulega endurheimt votlendis sem tapast, annað hvort á sama svæði eða sem næst framkvæmdarsvæðinu.
- Við landmótun verður lögð áhersla á að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi sem auðveldi uppgræðslu og dragi úr hættu á rofi.

3.3.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er áréttað að þrátt fyrir að viðbótarrask innan valkosta 2 og 3 sé fyrst og fremst á vistgerðum með lágt eða miðlungsverndargildi þá er engu að síður um yfir helmingi meira land, að stórum hluta óraskað, sem fer undir framkvæmdir vegna valkosta 2 (168 ha beint rask og 181 ha ef tekið er tillit til óbeinna áhrifa á votlendi) og valkosta 3 (195 ha/208 ha) en valkosta 1 (77ha /88 ha).

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að votlendi njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Stofnunin bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

3.3.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að þær æðplöntutegundir sem verða fyrir raski eru algengar á landsvísu og hafa ekki mikið verndargildi en engu að síður verður umfangsmikið rask á vistgerðum, í mismiklu mæli þó eftir valkostum en skv. aðalvalkosti verður um að ræða rask sem nemur tæplega 200 ha. Að langstærstum hluta verður um að ræða rask á vistgerðum með lágt eða miðlungs verndargildi. Hins vegar er ljóst að gert er ráð fyrir við fyrirhugaðar framkvæmdir að raska beint og óbeint votlendissvæðum af þeirri stærð að þau njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Um er að ræða rask sem nemur á milli 11,5 – 13 ha eftir valkostum, bæði vegna lagningar vega og pípa og einkum vegna tilkomu umfangsmikilla lóna sem færa á kaf votlendissvæði. Ljóst er að um verður að ræða beint og óafturkræft rask einkum í tilfelli lónanna en að einhverju leyti má draga úr beinu og óbeinu raski vegna annarra framkvæmda. Framkvæmdaraðili hefur sett fram endurheimt votlendissvæða annars staðar sem mótvægisáðgerð og leggur Skipulagsstofnun áherslu á að að lágmarki verði endurheimt jafnstór svæði og koma til með að raskast og verði haft samráð við viðkomandi sveitarfélag og Umhverfisstofnun við val á hentugu svæði og þurfi að gera ráð fyrir að skilyrði um endurheimt verði sett inn í framkvæmdaleyfi. Auk þess bendir Skipulagsstofnun á að við leyfisveitingar þarf að gera grein fyrir þeim brýnu almannahagsmunum sem geta réttlætt röskun vistkerfa svo sem votlendis sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin leggur áherslu á að farið verði eftir þeim mótvægisáðgerðum sem koma fram í kafla 3.3.1 hér að framan í því skyni að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á gróður og vistgerðir. Í ljósi umfangs rasks á gróður almennt og þá einkum vegna verndargildis votlendis sem verður fyrir raski er það mat Skipulagsstofnunar að áhrif Kvíslatunguvirkjunar á gróður og vistgerðir verði talsvert



neikvæð, óháð valkostum en að mögulegt sé að draga úr þeim áhrifum með þeim aðgerðum til mótvægis sem vísað er til hér að framan.

3.4 Fuglar

3.4.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Náttúrustofa Vestfjarða hafi unnið athugun á fuglalífi vegna fyrirhugaðra framkvæmda sumarið og haustið 2023. Fuglalíf var kannað í þremur vettvangsferðum og fór fyrsta athugun fram á varptíma (júní) og seinni tvær eftir að varptíma lauk (ágúst og september). Af þeim 19 fuglategundum sem sáust á framkvæmdasvæðinu í athugunum Náttúrustofunnar er ein skilgreind í hættu (EN) skv. valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og tvær tegundir í nokkurri hættu (VU) en tvær eru taldar í yfirvofandi hættu (NT). Áætlaður heildarfjöldi fugla innan framkvæmdasvæðisins var innan við 1% af stofnstærðarmati þeirra. Þar af leiðandi er mikilvægi framkvæmdasvæðisins sem búsvæði ekki metið mikið fyrir tegundirnar. Fram kemur að helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf verði vegna varanlegs búsvæðataps vegna ýmissa framkvæmdaþátta. Umfangsmesta tapið verður vegna uppistöðulóna en valkostir 1, 2 og 3 gera allir ráð fyrir að 41 ha lands umhverfis Efri-Kotvötn fari undir inntakslón og um 85 ha skv. valkosti 2 og 108 ha skv. valkosti 3 undir lón umhverfis Svartagilsvatn. Fuglalíf umhverfis Svartagilsvatn er hins vegar strjált og ekki jafn mikilvægt og umhverfi Efri-Kotvatna. Fram kemur að reiknað sé með tímabundinni truflun á meðan á framkvæmdum stendur og fyrirséð er að framkvæmdir muni fara fram á varptíma. Ekki er búist við miklum áhrifum á rekstrartíma vegna truflunar, þar sem framkvæmdin er ekki líkleg til að draga að eða opna fyrir mikla umferð á svæðinu.

Fram kemur að vægi áhrifa verði sambærilegt fyrir alla valkosti, því að það aukna rask sem valkostir 2 og 3 geri ráð fyrir sé bundið við svæði þar sem óðul séu strjál og hafi lægra vægi fyrir fuglalíf. Efri hluti framkvæmdasvæðisins, þar sem rask verður mest óháð valkostum, er hvorki fuglaríkt né mikilvægt svæði fyrir fugla og enginn valkostur er líklegur til að hafa áhrif á stofnstærð fugla á héraðs- eða landsvísu. Áhrif Kvíslatunguvirkjunar eru metin óveruleg á fuglalíf og óháð því hvaða valkost er um að ræða.

3.4.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Náttúrufræðistofnun bendir á að við Efri-Kotvötn virðist vera óhemju þétt varp sendlings, tegundar sem venjulega verpur strjált og er bæði á valista og ábyrgðartegund Íslands og því er óheppilegt að varpsvæði hennar verði sökkt undir lón. Þá er í mati á áhrifum á fuglalíf ekki horft til þess svæðis þar sem fuglalífið gæti verið einna mest innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en það eru hálfgrónir aurar árkvísarinnar úr Þjóðbrókargili þar sem til stendur að efnistaka fari fram. Á slíkum búsvæðum er t.d. jafnan þétt varp vaðfugla.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hluti af aurum árkvísarinnar úr Þjóðbrókargili tilheyrir talningarsvæði V1 sem talið var á varptíma (14. júní) og því ætti a.m.k. hluti af þeim fuglum sem halda til á aurunum að koma fyrir í heildarfjölda fugla á svæðinu.

3.4.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu leiða til varanlegs búsvæðataps á umfangsmiklum svæðum og þá einkum vegna uppistöðulóna. Þá liggur fyrir að á framkvæmdatíma verður talsvert ónæði þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum á varptíma fugla. Ljóst er að fuglalíf er mismikið innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og einna þéttast við Efri-Kotvötn þar er um að ræða óvenju þétt varp sendlings, tegundar sem venjulega verpur strjált og er bæði á valista og ábyrgðartegund Íslands eins og Náttúrufræðistofnun bendir á í umsögn sinni. Skipulagsstofnun telur að áhrif á sendlinga geti verið staðbundið talsvert neikvæð með tilkomu lóns í Efri-Kotvötnum, burtséð frá valkostum. Stofnunin telur óvissu um áhrif af efnistöku á fugla á áreyrum kvíslar neðan



Þjóðbrókargils miðað við svör framkvæmdaraðila en Skipulagsstofnun telur að miðað við umfang fyrirhugaðra framkvæmda munu áhrif á fuglalíf að öðru leyti verða nokkuð neikvæð, bæði á framkvæmdatíma vegna truflunar og ónæðis sem og á rekstrartíma vegna fyrrnefnds búsvæðataps.

3.5 Fornleifar

Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Náttúrustofa Vestfjarða hafi unnið fornleifaskráningu og hafi verið skráðar 11 fornminjar; flestar staðsettar þar sem framkvæmdasvæðið teygir sig niður á láglandi Selárdals. Ein fornleif telst í mikilli hættu vegna framkvæmdanna en með mótvægisáðgerðum er búist við að hægt verði að hlífa henni. Þar sem að framkvæmdin mun ekki valda beinu riski á minjum eru áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar metin óveruleg, óháð því hvaða valkost er um að ræða.

3.5.1 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að ljóst sé að eingöngu sé búið að fornleifaskrá brot af áhrifasvæði framkvæmdanna en friðlýstar minjar eru innan svæðisins. Stofnunin fer fram á að minjar innan framkvæmdasvæðis verði girtar af á meðan á framkvæmdum standi til þess að komast hjá því að þeim verði raskað. Minjastofnun bendir jafnframt á að það er hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvaða aðrar mótvægisáðgerðir þarf að ráðast í. Stofnunin bendir á að skráning varðandi efnistökusvæði við Byrgisholt uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar Íslands. Bent er á að þar séu friðlýstar minjar (heiðinn grafreitir) og samkvæmt lögum er ekki heimilt að raska svæði í 100 m radíus frá friðlýstum minjum. Minjastofnun veitir ekki heimild til efnistöku við Byrgisholt. Nú þegar hefur verið gengið of langt í efnistöku á svæðinu. Þá vekur stofnunin athygli á að jarðstrengur eins og hann er sýndur í umhverfismatsskýrslu er að stórum hluta utan svæðis sem hefur verið skráð. Nauðsynlegt er að skrá lagnalínuna áður en til framkvæmda kemur.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skráningarsvæði vegna fornleifa hafi náð frá aurum árkvísar í Þjóðbrókargili í suðri til Ófæruvatns í norðri. Á þeim tíma sem fornleifaskráningin fór fram var ekki gert ráð fyrir Hraunaveitu en hluti veitunnar er engu að síður innan rannsóknasvæðisins. Áður en framkvæmdir hefjast við Hraunavatn verður fornleifafræðingur fenginn til þess að taka út framkvæmdasvæði við vatnið. Fram kemur að ekki sé talin þörf á sérstökum áðgerðum til þess að verja minjarnar í hlíðinni en komi til þess að minjavörður óski eftir að þær verði girtar af meðan á framkvæmdum stendur, verður það gert. Bent er á að ekki liggi fyrir hvort sækja þurfi efni í efnisnámu við Byrgisholt vegna virkjunarframkvæmdanna. Varðandi jarðstreng þá verður hann lagður í jörðu innan veghelgunarsvæðis Geirmundarstaðavegar og uppbyggðs slóða frá Geirmundarstöðum að stöðvarhúsi. Áður en til framkvæmda kemur verður fornleifafræðingur fenginn til þess að taka út veghelgunarsvæðið m.t.t. mögulegra fornleifa.

3.5.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að áður en komi til leyfisveitinga liggi fyrir að fullnægjandi fornleifaskráning hafi farið fram sem taki til alls áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og að sú skráning hafi verið borin undir Minjastofnun Íslands. Auk þess liggi fyrir að framkvæmdaraðili muni fylgja þeim mótvægisáðgerðum sem stofnunin kann að setja fram. Í ljósi afdráttarlausrar niðurstöðu í umsögn Minjastofnunar um námu í Byrgisholti telur Skipulagsstofnun vart hægt að gera ráð fyrir efnistöku úr námunni til fyrirhugaðra framkvæmda. Stofnunin telur að óvissa sé um hugsanleg áhrif á fornleifar en með því að hlíta tillögum Minjastofnunar um skráningu fornleifa og mótvægisáðgerðir ætti að vera hægt að komast hjá verulegum neikvæðum áhrifum á þær.



3.6 Landslag og ásýnd

Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að gerð hafi verið greining á helstu landslagsgerðum á Íslandi, sem nánar séu greindar í landslagssvæði og sé ætlað að leggja til grunnupplýsingar um landslag á landsvísu. Selárdalur, neðan við 400 m.y.s., tilheyrir landslagssvæði sem kallast Vesturströnd Húnaflóa, frá Bitrufirði að Bjarnarfirði og heiðin ofan dalsins tilheyrir landslagssvæðinu Ófeigsfjarðarheiði og aðrar aðliggjandi heiðar. Um Selárdal rennur Selá sem á upptök sín á Ófeigsfjarðarheiði og rennur í Steingrímsfjörð. Fjöldi lækja og áa af nærliggjandi heiðum renna í Selá og er hún ein vatnsmesta á Vestfjarða. Í hlíðum Selárdals eru mörg gil og gilskorningar, en stærst þeirra er Þjóðbrókargil sem er djúpt og vatnsmesta gljúfur Selárdals. Selárdalur hefur útivistargildi einkum tengt veiði í Selá og skíðagöngu í dalnum, en einnig vegna skilgreindrar gönguleiðar sunnan Þjóðbrókargils. Fram kemur að Ófeigsfjarðarheiði sé flatlend með fjölda vatna, víðast gróðursnaud og hrjóstrug. Landslagssvæðið er innan óbyggðra víðerna samkvæmt skilgreiningu náttúruverndarlaga og flokkun óbyggðra víðerna í tengslum við fjórða áfanga Rammaáætlunar. Samkvæmt lögunum skal standa vörð um óbyggð víðerni. Fjarðahásléttan frá Selárdal í suðri til Hornstranda í norðri, hefur verið skilgreind sem víðáttumesta, samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum og er hluti af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði innan þess svæðis en svæðið hefur ekki verið friðlýst sem óbyggt víðerni og ekki liggja fyrir opinber viðmið fyrir greiningu á einkennum og gæðum víðerna.

Fram kemur að til grundvallar gildi landslags m.t.t. mikilvægis eru horft til þriggja megin þátta, þ.e. verndargildis, minja- og sagnagildis og gildis til útivistar. Auk þess er við mat á viðkvæmni landslags fyrir breytingum gengið út frá að svæði sem eru lítt eða óröskuð eða þar sem áhrifa mannsins gætir lítið, hafi aukið gildi og metin viðkvæm fyrir nýjum mannvirkjum. Meiri viðkvæmni landslags gefur minna rými til breytinga, án þess að einkenni þess breytist á afgerandi hátt. Við matið er horft til þátta eins og sérkenna landslags og margbreytileika, óbyggðra víðerna og hversu manngert landslagið er orðið. Í heildina er metið að landslag á heiðinni vestan Selárdals, þ.e. innan landslagssvæðisins Ófeigsfjarðarheiði og aðrar aðliggjandi heiðar, hafi hátt verndargildi. Verndargildi Selárdals, þ.e. innan landslagssvæðisins Vesturströnd Húnaflóa frá Bitrufirði að Bjarnarfirði er metið lágt.

Fram kemur að við mat á sýnileika virkjunarmannvirkjanna og ásýndarbreytingum var annars vegar gerð svokölluð sýnileikagreining og hins vegar unnar ljósmyndir á völdum stöðum á fyrirhuguðu virkjunarsvæði í Selárdal og á heiðinni (fyrir og eftir myndir). Niðurstaðan er að mannvirki á heiðinni vestan Selárdals, þ.e. stíflurnar, skurðirnir og lónin, valda miðlungs til miklum ásýndarbreytingum á þessum stöðum. Eðli málsins samkvæmt eru þessi mannvirki sýnileg og umfangsmikil þegar áhorfandinn stendur nálægt þeim. Aðgreining hvað varðar liti og form eru fyrst og fremst þar sem er nýtt vatnsyfirborð lóna og stíflur. Einnig geta veituskurðir og vegir stungið í stúf við umhverfið. Fáir fara um heiðina vestan Selárdals og norðan Þjóðbrókargils og því verða fáir fyrir áhrifum af þessum ásýndarbreytingum. Óháð því hvaða valkostur verður fyrir valinu, þá er reiknað með að meðalrennsli kvíslarinnar í Þjóðbrókargili minnki verulega, eða úr um 200 l/s niður í 40 l/s.

Fram kemur að lagt sé mat á skerðingu óbyggðra víðerna á hálendinu vestan og norðan Selárdals eins og þau hafi verið kortlögð í tengslum við vinnu við Rammaáætlun 4 og út frá viðmiðum sem þar komi fram og unnið hafi verið með á vettvangi yfirvalda. Óbyggð víðerni, kennd við Drangjökul, eru alls 2.215 km² að flatarmáli. Niðurstöður mats á skerðingu víðernanna gefur til kynna að skerðing verði 69-102 km² (3-5 % af núverandi stærð) eftir því hvaða valkost Kvíslatunguvirkjunar er um að ræða. Í skýrslu¹ um áhrif fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar á víðerni, sem unnin var fyrir ÓFEIG

¹ Wildland Research Institute. (2019). Hvalá Power Plant Proposal Review of impacts on wilderness. A report by the Wildland Research Institute for ÓFEIG náttúruvernd. Nóvember 2019.



náttúruvernd, eru m.a. greind gæði víðerna á Drangajökulsvæðinu út frá skilgreindum viðmiðum. Athugun á þessum gögnum leiðir í ljós að ólíklegt má telja að mannvirki Kvíslatunguvirkjunar í Selárdal breyti gæðum víðerna í nágrenni dalsins, en inntakslón og þau mannvirki sem eru syðst á heiðinni eru líkleg til að hafa að einhverju marki áhrif á gæði víðerna. Mestu áhrifin eru af lónum nyrst á heiðinni, þ.e. skerðingaráhrif vegna Svartagilsvatnslóns. Þó ekki sé hægt að setja fram tölulega niðurstöðu um áhrif Kvíslatunguvirkjunar á gæði víðerna er ljóst að valkostir 2 og 3 hafa mest áhrif til skerðingar á víðernum sem metin eru hafa miðlungs eða hátt gildi hvað varðar gæði samkvæmt framangreindri skýrslu.

Fram kemur að veigamestu áhrif á landslag á landslagssvæðinu Ófeigsfjarðarheiði og aðrar aðliggjandi heiðar verða vegna skerðingar óbyggðra víðerna með tilkomu nýrra lóna auk þess sem sjónræn áhrif verða af því að árkvíslin í Þjóðbrókargili verður umtalsvert minni en nú er, en rennsli í Selá og ásýnd árinna verður óbreytt neðan gilsins. Áhrif af haugsetningu og efnistöku á svæðinu eru metin óveruleg til lengri tíma litið, þ.e. þegar búið er að ganga frá haugsetningar- og efnistökusvæðum og móta landið að nýju. Að teknu tilliti til sýnileika mannvirkja á heiðinni, skerðingar á óbyggðum víðernum, rasks vegna framkvæmda og ásýndabreytinga eru staðbundin áhrif á landslag á þessu svæði metin mikil fyrir valkosti 2 og 3. Valkostur 1 kemur best út að þessu leyti og eru áhrif hans metin miðlungs til mikil. Sama niðurstaða á við um heildaráhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd og ef horft er til vægis áhrifa þá eru áhrif valkosta 1 metin nokkuð til talsvert neikvæð á landslag og ásýnd en áhrif valkosta 2 og 3 eru metin talsvert neikvæð.

Fram kemur að hvað varðar samlegðaráhrif þá liggur fyrir að virkjunin kemur til með að hafa samlegðaráhrif með öðrum þekktum virkjunarkostum og orkuflutningskostum, þ.e. Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Austurgilsvirkjun og Skúfnavatnavirkjun í Hvannadal við Langadalsströnd í Ísafjarðardjúpi og fyrirhugaðri lagningu 132 kV loftlínu eða jarðstrengs yfir Ófeigsfjarðarheiði. Ofangreind virkjunaráform og áform um orkuflutning eru staðsett á eða við sama víðernissvæði (Drangajökulsvíðerni) og Kvíslatunguvirkjun og er því um að ræða samlegðaráhrif með þessum fyrirhuguðu framkvæmdum á óbyggð víðerni. Þessar framkvæmdir eru komnar mislangt í undirbúningi og ekki er hægt með vissu að segja hversu stór hluti af óbyggðum víðernum gæti skerast vegna framkvæmda. Annars vegar er óvissu um útfærslu framkvæmda vegna orkuflutnings yfir Ófeigsfjarðarheiði og hins vegar hefur mat á umhverfisáhrifum Austurgilsvirkjunar og Skúfnavatnavirkjunar ekki farið fram. Í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar kom fram að heildarskerðing víðerna vegna Hvalárvirkjunar, Austurgilsvirkjunar og orkuflutnings gæti samsvarað um 530 km² lands.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að framkvæmdaraðili geri ráð fyrir eftirfarandi mótvægisáðgerðum sem snúa að áhrifum á landslag og ásýnd:

- Hönnun á útliti stöðvarhúss miðar m.a. að því að það falli sem best að umhverfinu
- Haugsetningarsvæði verða formuð með landmótun. Mögulega munu slíkar hæðir byrgja sýn að mannvirkjum og milda ásýndarbreytingar og skerðingaráhrif með tilliti til víðernisupplifunar.
- Við hönnun stífla, vega og annarra fyllinga og skeringa (skurða) verður leitast við að draga úr ásýndarbreytingum með því að mýkja línur þar sem fyllingar eða skeringar mæta landi.

3.6.1 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á umfangsmikla skerðingu víðerna vegna fyrirhugaðra framkvæmda og þá einkum ef horft er til samlegðaráhrifa með öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum. Þá er bent á að ekki er sýndar ásýndarbreytingar á Leitishlíð með tilkomu aðrennislípu og veglagningar upp úr Selárdal. Niðurstaða Náttúrufræðistofnunar er að



Kvíslatunguvirkjun muni hafa talsverð neikvæð og varanleg áhrif á náttúrufar og landslag á lítt röskuðu landsvæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að aðrennslisþípan verði niðurgráfin og ummerkja um hana verði væntanlega ekki vart eftir að svarðlag hafi verið lagt yfir pípuþæðið og staðargróður náð fóttfestu á ný. Til framtíðar mun lögnin ekki hafa áhrif á ásynd lands. Sýnileikagreining gefur til kynna hvaðan vegurinn í hlíðinni mun sjást. Það er mat framkvæmdaraðila að ásyndarmyndir hefðu litlu bætt við.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að upplifun sé mikilvægur hluti hugtaksins óbyggð víðerni og í verndargildi óbyggðra víðerna felist því ekki einungis að ummerkja mannsins skuli gæta lítið sem ekkert og að náttúran skuli fá að þróast án álags af mannlegum umsvifum heldur felst verndargildið jafnframt í því að fólk, bæði núlifandi sem og komandi kynslóðir, geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, sbr. 46. gr. náttúruverndarlagna.

3.6.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er lagt mat á gildi, viðkvæmni og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda annars vegar á Selárdal sem er hluti af víðáttumiklu landslagssvæði sem kallast Vesturströnd Húnaflóa frá Bitrufirði að Bjarnarfirði og hins vegar á landslagssvæðið Ófeigsfjarðarheiði sem einnig er mjög víðáttumikið svæði. Stuðst er við greiningu á helstu landslagsgerðum á Íslandi² og byggir gildismat á verndargildi, minja- og sagnagildi og gildi til útivistar auk þess sem gengið er út frá að svæði sem eru lítt eða óröskuð eða þar sem áhrifa mannsins gætur lítið hafi aukið gildi. Þá var jafnframt við matið horft til óbyggðra víðerna.

Fyrir liggur að um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem gerir ráð fyrir þremur stíflum, 13-18 m háum og rúmlega 2 km að lengd í heildina, fjórum lónum miðað við skurðum og stöðvarhúsi auk veglagningar, efnistöku og haugsetningar. Alls mun verða beint rask á um 320 ha svæði miðað við valkost 3 sem er aðalvalkostur framkvæmdaraðila, þar af ná lón yfir tæplega 250 ha. Ljóst er að ásyndarbreytingar með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda verða þannig verulegar og að að mestu óraskað, náttúrulegt umhverfi uppi á Ófeigsfjarðarheiði fær á sig manngert yfirbragð á umfangsmiklu svæði. Auk þess munu verða breytingar á ásynd árinna í Þjóðbrókargili vegna verulega skerts rennslis þó að fyrir liggja að ekki eru líkur til að margir verði varir við þær breytingar vegna erfiðs aðgengis að gílinu. Fyrir liggur að framkvæmdir á Ófeigsfjarðarheiði eru innan svæðis sem hefur verið skilgreint sem víðáttumesta, samfellda óbyggð víðerni á Vestfjörðum sem kennt er við Drangajökul en eitt af verndarmarkmiðum laga um náttúruvernd er að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Þá er í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, sem Alþingi samþykkti í maí 2024, lögð áhersla á að skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Í umhverfismatsskýrslu er ágæt umfjöllun um skerðingu víðerna og skv. framlögðum gögnum liggur fyrir mat á stærð ofangreinds víðernissvæðis og mun skerðing á víðernum með tilkomu Kvíslatunguvirkjunar nema milli 3-5% eftir valkostum. Í því sambandi er ekki horft til áhrifa á upplifunargildi en eins og Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni er upplifun mikilvægur hluti hugtaksins óbyggð víðerni, sbr. skýringu á því í náttúruverndarlögum³. Þegar horft er til mögulegra samlegðaráhrifa með öðrum þekktum virkjunarkostum og orkuflutningskostum, þ.e. Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Austurgilsvirkjun og Skúfnavatnavirkjun í Hvannadal við Langadalströnd í Ísafjarðardjúpi og fyrirhugaðri lagningu 132 kV loftlínu eða jarðstrengs yfir

² Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley. (2020). Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu. Unnið af Eflu verkfræðistofu og Land Use Consultants í Skotlandi fyrir Skipulagsstofnun.

³ Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og [að jafnaði] ²⁾ í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.



Ófeigsfjarðarheiði er ljóst að veruleg skerðing mun verða á þessu stærsta víðernissvæði á Vestfjörðum en í álitni Skipulagsstofnunar⁴ um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar frá árinu 2017 kom fram að heildarskerðing víðerna vegna Hvalárvirkjunar, Austurgilsvirkjunar og orkuflutnings gæti samsvarað um 530 km² lands. Með skerðingu vegna Kvíslatunguvirkjunar væri hér um að ræða yfir 25% skerðingu á stærð víðernisins. Eins og fyrr er ekki horft til áhrifa á upplifunargildi. Hins vegar er ljóst að hér er um nokkra óvissu að ræða þar sem ekki liggur fyrir hvort að ofangreind virkjunaráform koma til með að ganga eftir en gert er ráð fyrir Hvalárvirkjun í Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og bæði Austurgilsvirkjun og Skúfnvatnavirkjun í tillögu að aðalskipulagi fyrir Strandabyggð 2021-2033. Burtséð frá því þá er að mati Skipulagsstofnunar um að ræða talsvert neikvæð áhrif vegna Kvíslatunguvirkjunar á landslag og óbyggð víðerni vegna umfangs og staðsetningar virkjunarinnar og verulega neikvæð samlegðaráhrif ef ofangreind áform ná fram að ganga. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í aðalskipulagi, deiliskipulagi og leyfum verði sett ákvæði um útfærslu og tilhögun framkvæmda og mótvægisáðgerðir sem miði að því að draga úr áhrifum á landslag og víðerni.

3.7 Samfélag

Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur Selárdalur miðlungs aðráttarafl fyrir útivistarfólk og svæðið hentar fyrir nokkuð fjölbreytta útivist og veiði. Talsverður fjöldi útivistarfólks heimsækir hluta svæðisins árlega og skipulagðir viðburðir sem eru þar, hafa talsvert aðráttarafl, svo sem í tengslum við skíðagöngu og skíðaskotfimi og utanvegahlaup. Nokkuð vinsæl gönguleið er upp með sunnanverðu Þjóðbrókargili, þ.e. sunnan framkvæmdasvæðis Kvíslatunguvirkjunar en ekki er vitað til þess að farið sé með fólk í skipulagðar gönguferðir um svæðið. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hafi framkvæmt spurningakönnun og viðtalsrannsókn í tengslum við rannsókn á áhrifum Kvíslatunguvirkjunar á samfélag, ferðapjónustu og útivist. Í viðtalsrannsókninni kemur m.a. fram að ekki sé vitað til þess að skipulagðar gönguferðir séu um svæðið í nágrenni við framkvæmdasvæði Kvíslatunguvirkjunar. Eitthvað sé um að fólk gangi um á eigin vegum um gönguleiðina frá Þjóðbrókargili yfir í Staðardal.

Fram kemur að við túlkun niðurstaðna spurningakönnunar RHA sé mikilvægt að halda til haga að hún hafi verið framkvæmd meðal íbúa í Strandabyggð sem eru líklegastir til að verða fyrir mestum áhrifum af framkvæmdinni, þekkja best til hennar og hafi myndað sér sterkustu skoðanir á henni. Einnig er mikilvægt að halda til haga að þriðjungur þátttakenda sagðist lítið eða ekkert vita um virkjunaráformin. 23% þátttakenda svörðu því að þeir myndu helst kjósa að vernda virkjunarsvæðið, en þegar á heildina er litið eru tveir þriðju svarenda á því að fyrst virkja þurfi á annað borð sé þessi staðsetning góður kostur. Í könnuninni kom fram að um 80% aðspurðra telji að áhrif Kvíslatunguvirkjunar á útivist og ferðapjónustu verði engin eða jákvæð. Samkvæmt því má ætla að meirihluti íbúa telji svæðið ekki viðkvæmt fyrir breytingum. Einnig kom fram að svæðið væri ekki aðgengilegt og ólíklegt að farið væri með ferðamenn þangað, m.a. vegna þess að ýmsir aðrir aðgengilegir og fallegir staðir séu í boði í nágrenninu. Í heildina eru viðhorf heimamanna í Strandabyggð frekar eða mjög jákvæð gangvart Kvíslatunguvirkjun og litlar til miðlungs líkur eru á að framkvæmdin valdi deilum í samfélaginu í Strandabyggð, samanber ofangreinda viðhorfskönnun. Hins vegar eru vísbendingar um að mögulega andstaða sé við hana frá fólki sem ekki er búsett á svæðinu. Að mati framkvæmdaraðila verða samfélagsleg áhrif til lengri tíma talsvert jákvæð vegna óbeinna áhrifa af auknu raforkuöryggi og aðgengis að raforku, sem talin er skapa forsendur fyrir uppbyggingu atvinnulífs í byggðalaginu. Bein áhrif á ferðapjónustu og útivist eru metin óveruleg á framkvæmdatímanum og varanlega til framtíðar, að því gefnu að vandað verði til framkvæmda, sjónrænum áhrifum verði haldið í lágmarki og unnið verði að mótvægisáðgerðum.

⁴ Hvalárvirkjun, Árneshreppi | Gagnagrunnur umhverfismats | Skipulagsstofnun



Heildarniðurstaðan er að Kvíslatunguvirkjun hafi talsvert jákvæð áhrif á samfélag, ferðaþjónustu og útivist og þau áhrif vari til langs tíma.

Mótvægisáðgerðir

Fram kemur að mótvægisáðgerðir vegna Kvíslatunguvirkjunar tengist einkum áðgerðum sem hafi það að markmiði að styrkja það sem fyrir er á svæðinu, þ.e. veiði í Selá og starfsemi Skíðagöngufélags Strandamanna. Mótvægisáðgerðirnar eru einkum eftirfarandi:

- Vanda til hönnunar stöðvarhúss, þ.e. að mannvirkið falli inn í umhverfið eins og kostur er.
- Gera vandaðar merkingar á gönguleið sunnan Þjóðbrókargils.
- Útfæra skiðabraut meðfram vegum vegna Kvíslatunguvirkjunar.
- Hugað að tengingum af vegi að veiðistöðum í Selá.
- Grafa skurð í nágrenni virkjunarinnar til að stuðla að uppeldi fiskseiða.
- Setja upp fiskteljara áður en virkjað væri til að geta fylgst með áhrifum virkjanaf framkvæmda á fiskgengd.

3.7.1 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Ljóst er að áhrif á útivist og ferðaþjónustu eru nátengd áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á landslag, ásýnd og óbyggð víðerni, sbr. umfjöllun í kafla 3.6. Fyrir liggur að um er að ræða framkvæmdir sem hafa áhrif á umfangsmikið svæði innan svæðis sem fellur undir skilgreiningu á óbyggðum víðernum og sem í dag er að langmestu leyti óraskað og mun ásýnd þess taka verulegum breytingum með tilkomu virkjunarinnar. Í stað óraskaðrar ásýndar þess mun svæðið fá yfirbragð iðnaðarsvæðis sem einkennist af misumfangsmiklum mannvirkjum. Fyrir liggur að ímynd Íslands sem áfangastaðar ferðamanna byggir að miklu leyti á ósnortinni náttúru þar sem víðerni leika stórt hlutverk. Þó að heiðarlönd vestan Selárdals, í nágrenni framkvæmdasvæðisins, séu talin fáfarin samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum liggja ekki fyrir gögn um í hvaða mæli ferðafólk nýtir svæðið til útivistar en burtséð frá því er hætt við því að upplifun þeirra sem stunda eða vilja stunda útivist á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og sækja í náttúrulegt umhverfi komi til með að breytast miðað við núverandi aðstæður. Niðurstöður spurningakönnunar Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri virðast benda til þess að meirihluti þátttakenda telji að áhrif Kvíslatunguvirkjunar á útivist og ferðaþjónustu verði engin eða jákvæð en þessi rannsókn náði til íbúa Strandabyggðar sem og til ferðaþjónustuaðila og forsvarsmanna útivistarféлага í sveitarfélaginu en ekki til almennra ferðamanna, innlendra eða erlendra. Að öðru leyti komu fram í könnuninni ýmis sjónarmið varðandi hugsanleg áhrif á ferðaþjónustu og útivist en að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að við svo umfangsmiklar framkvæmdir á öröskuðu svæði er viðbúið að áhrif á þessa þætti geti verið neikvæð og þá einkum ef ekki er eingöngu horft til núverandi aðstæðna hvað varðar aðsókn að svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að óvissa sé um þau áhrif sem Kvíslatunguvirkjun muni hafa á samfélagið í Strandabyggð og nærliggjandi byggðum hvað varðar atvinnu, en þó séu þau líkleg til að verða óveruleg. Fyrst og fremst er um að ræða umsvif á byggingartíma virkjunarinnar, sem verður að ætla að verði að verulegu leyti mönnum af aðkomufólki sem dvelur tímabundið á svæðinu á meðan á framkvæmdum stendur, sbr. það sem kemur fram í kafla 5.2.1 í rannsókn Háskólans á Akureyri. Sama geti átt við um þau aðföng sem þessi tímabundna starfsemi krefst. Stofnunin tekur undir að áhrif á viðkomandi sveitarfélag vegna hærri tekna verði jákvæð.

4 Skipulag og leyfi

Í tillögu að nýju Aðalskipulagi Strandabyggðar 2021-2033 er gert ráð fyrir Kvíslatunguvirkjun en jafnframt þarf að ganga frá deiliskipulagi fyrir virkjunina. Framkvæmdin er háð ýmsum leyfum, meðal annars framkvæmda- og byggingarleyfi frá Strandabyggð. Gerð er grein fyrir hvaða leyfum framkvæmdin er háð í kafla 1.2 í umhverfismatskýrslu. Á framkvæmdasvæðinu eru vistkerfi og



jarðminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Það á við stöðuvötn og tjarnir sem og fossa og nánasta umhverfi þeirra. Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta verndar samkvæmt greininni nema brýna nauðsyn beri til. Við mat á leyfisumsókn þar um skal líta til verndarmarkmiða sem tilgreind eru í 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga og jafnframt huga að mikilvægi vistkerfanna og minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Þá er minnt á ákvæði 7. mgr. 13. gr. skipulagslaga um framkvæmdaleyfi, en þar er mælt fyrir um hvernig fara skuli með vistkerfi og jarðminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga við undirbúning og afgreiðslu framkvæmdaleyfa.

Bent er á að skv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf, við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki, leyfisveitandi að tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Þannig er mikilvægt að öll leyfi sem gefin eru út vegna framkvæmdarinnar séu í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Orkubús Vestfjarða um Kvíslatunguvirkjun sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Orkubús Vestfjarða eru kynnt áform um 9,9 MW vatnsaflsvirkjun skv. aðalvalkosti sem felst í gerð þriggja stífla, 13-18 m háum og rúmlega 2 km að lengd í heildina, fjórum lónum alls rúmlega 240 ha af stærð ásamt skurðum, pípum og stöðvarhúsi auk veglagningar, efnistöku og haugsetningar. Alls mun verða beint rask á um 320 ha svæði miðað við aðalvalkost framkvæmdaraðila.

Forsendur, aðferðir og ályktanir Orkubús Vestfjarða

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal í áliti Skipulagsstofnunar fjalla um forsendur, aðferðir og ályktanir um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila. Við mat á umhverfisáhrifum Kvíslatunguvirkjunar hefur Orkubú Vestfjarða aflað ítarlegra upplýsinga um grunnástand þeirra umhverfisþátta sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni og byggir matið að miklu leyti á niðurstöðum sérfræðiskýrslna. Að mati Skipulagsstofnunar er umhverfismatsskýrslan vönduð og til þess fallin að varpa ljósi á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Umhverfisáhrif

Fyrir liggur að framlagðir valkostir koma til með að hafa neikvæð áhrif á flesta þá umhverfisþætti sem eru til mats í þessu máli. Ljóst er að aðalvalkostur framkvæmdaraðila, valkostur 3 mun hafa neikvæðustu áhrifin vegna umfangs framkvæmda sem ráðast þarf í skv. honum. Með tilkomu Kvíslatunguvirkjunar er um að ræða talsvert inngríp inn í vatnafar á umfangsmiklu áhrifasvæði virkjunarinnar með tilheyrandi áhrifum á vatnalíf, bæði í stöðuvötnum og straumvötnum. Um leið koma fyrirhugaðar framkvæmdir til með að hafa áhrif á gæðabætti vatnshlota innan áhrifasvæðisins. Fyrir liggur mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á gæðabætti skilgreindra vatnshlota í framlögðum gögnum að því marki að hægt er að komast að niðurstöðu um áhrif Kvíslatunguvirkjunar á vatnafar, vatnalíf og vatnshlot. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð virkjun muni hafa talsverð neikvæð áhrif á framangreinda þætti og að áður en kemur að leyfisumsóknum þá þurfi framkvæmdaraðili að hafa samráð við Umhverfisstofnun varðandi framsetningu endanlegs



áhrifamats sem og umsókn um undanþágu um breytingar á vatnshlotum og þá m.a. um hvort og þá hvaða mögulegu athuganir/rannsóknir framkvæmdaraðili þurfi að ráðast í til að uppfylla kröfur laga um stjórn vatnamála.

Um er að ræða framkvæmdir innan svæðis sem hefur verið skilgreint sem víðáttumesta samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum. Ljóst er að verulegar ásýndarbreytingar verða með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda og að mestu óraskað, náttúrulegt umhverfi uppi á Ófeigsfjarðarheiði fær á sig manngert yfirbragð á umfangsmiklu svæði. Hætt er við því að upplifun þeirra sem stunda eða vilja stunda útivist á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og sækja í náttúrulegt umhverfi komi til með að breytast miðað við núverandi aðstæður. Um leið verður skerðing á fyrrnefndu víðerni og þá einkum ef horft er til samlegðar ýmissa framkvæmdaáforma s.s. Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði, Austurgilsvirkjunar og Skúfnavatnavirkjunar í Hvannadal við Langadalströnd í Ísafjarðardjúpi og fyrirhugaðri lagningu 132 kV loftlínu eða jarðstrengs yfir Ófeigsfjarðarheiði. Þó að ákveðin óvissa sé fyrir hendi um ofangreind áform er ljóst að um er að ræða talsvert neikvæð áhrif vegna Kvíslatunguvirkjunar á landslag og óbyggð víðerni vegna umfangs og staðsetningar virkjunarinnar og verulega neikvæð samlegðaráhrif ef ofangreind áform ná fram að ganga.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif Kvíslatunguvirkjunar vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í umhverfismatsskýrslu Orkubús Vestfjarða.

Leyfisveitingar og skilyrði

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að að lágmarki verði endurheimt jafnstór votlendissvæði og koma til með að raskast og að haft verði samráð við viðkomandi sveitarfélag og Umhverfisstofnun við val á hentugu svæði og að skilyrði um endurheimt verði sett inn í framkvæmdaleyfi. Auk þess bendir Skipulagsstofnun á að við leyfisveitingar þarf að gera grein fyrir þeim brýnu almannahagsmunum sem geta réttlætt röskun vistkerfa, svo sem votlendis sem njóta sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í aðalskipulagi, deiliskipulagi og leyfum verði sett ákvæði um útfærslu og tilhögun framkvæmda og mótvægisáðgerðir sem miði að því að draga úr áhrifum á landslag og víðerni.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að áður en komi til leyfisveitinga liggi fyrir að fullnægjandi fornleifaskráning hafi farið fram sem taki til alls áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og að sú skráning hafi verið borin undir Minjastofnun Íslands.

Reykjavík, 9. desember 2024

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

